

Ed.

305. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi:

Laun yfirsetukvenna í kaupstöðum skulu greidd úr bæjarsjóði, en í

sveitum að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveim þriðju hlutum úr rikissjóði. Greiðsla þeirra utan kaupstaða fari fram einu sinni á ári, á manntalsþingum, en mánaðarlega í kaupstöðum.

Laun yfirsetukvenna skulu vera 300 krónur á ári og hækka 3. hvert ár um 50 krónur, upp í 500 krónur. Á laun þessi greiðist dýrtíðaruppbót af aðiljum eftir þeim reglum, sem gilda um starfsmenn ríkisins. Auk launa þeirra, sem áður getur, fá yfirsetukonur í þeim umdæmum, sem hafa yfir 1000 íbúa, 30 krónur fyrir hverja 100 íbúa, sem fram yfir eru, þó svo, að öll launin, án dýrtíðaruppbótar, fari eigi fram yfir 1500 krónur.

Þær yfirsetukonur, sem skipaðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, skulu njóta launahækkunar eftir þjónustualdri.

Í kaupstöðum, þar sem eru tvær yfirsetukonur eða fleiri, skal deila íbúatölunni millum þeirra og reikna þeim launaviðbótina eftir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1930.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 76, 28. nóv. 1919, inn í meginmál laga nr. 14, 22. okt. 1912, og gefa þau út svo breytt sem yfirsetukvennalög.